


Fannborg ehf,
Páll Gíslason
Bollagörðum 6
170 Seltjarnarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. nóvember 2011
Tilvísun: UST20111100168/bs

Slóð í Kisubotnum-Umsögn

Vísað er til bréfs Fannborgar ehf. þar sem þess er óskað að Umhverfisstofnun samþykki slóð frá "Setursleið" um Efri- og Neðri Kisubotna að "Klakkслейð" verði viðurkennd sem hálendisvegur.

Umhverfisstofnun vill benda á að það er ekki í valdi stofnunarinnar að viðurkenna ákveðnar slóðir. Slíkt er í höndum viðkomandi sveitarfélaga í samráði við hagsmunaaðila.

Umhverfisstofnun telur að slík ákvörðun eigi ekki að taka til einstakra slóða, heldur eigi að byggja á heildstæðu mati á þörf fyrir slóðir á viðkomandi landsvæði, ásamt mati á þeim umhverfisáhrifum sem þær kunna að hafa í för með sér.

Sú slóð sem hér um ræðir hefur verið notuð í tengslum við tímabundna staðsetningu "gistiskýlis" sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur samþykkt með útgáfu stöðuleyfis til eins árs í tilraunaskyni.

Umhverfisstofnun telur að þar sem hér er um að ræða tímabundna tilraun ætti einnig að líta á notkun slóðarinnar sem tímabundna og fresta ákvörðun um varanlega slóð á þessum stað þar til niðurstaða úr umræddri tilraun liggur fyrir.

Virðingarfyllt

A. Birna Guð.
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Afrit: Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu Laugarvatni